

inni Vinnuveri, Ísafirði, kr. 3.000.00, Kaupfélagi Ísfirðinga kr. 3.000.00, Jónasi Magnússyni kr. 3.000.00 og verzluninni Verðandi kr. 2.431.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 47/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Adolf Björnssyni,

Gunnlaugi Guðmundssyni Björnssyni,

Sigurði Guttormssyni,

Þorsteini Kjartani Friðrikssyni og

Þóru Ásmundsdóttur

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Lindal.

Verkfall starfsmanna ríkisbanka.

Dómur Hæstaréttar.

Réttarstaða Útvegsbanka Íslands og starfsfólks hans er samkvæmt lögum nr. 12/1961 hin sama og réttarstaða Landsbanka Íslands og starfsfólks hans samkvæmt lögum nr. 11/1961. Er hvor banki sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, og er yfirstjórn hvors banka í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Þar sem þessir tveir bankar eru þannig algerlega settir á sama bekk að lögum, verður samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1940 að beita gegnt starfsfólki Útvegsbanka Íslands viðurlögum þeim við verkfalli, sem eru í lögum nr. 33/1915 um verkföll opinberra starfsmanna mælt á hendur starfsfólki Landsbank-

ans. Hin ákærðu tóku þátt í verkfalli starfsfólks Útvegsbanka Íslands hinn 2. nóvember 1964. Varðar þetta atferli þeirra við 1. gr. laga nr. 33/1915, sbr. lög nr. 14/1948. Þykir refsing hvers hinna ákærðu hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til rikissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektar hvers hinna ákærðu, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, í rikissjóð og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Adolf Björnsson, Gunnlaugur Guðmundsson Björnsson, Sigurður Guttormsson, Þorsteinn Kjartan Friðriksson og Þóra Ásmundsdóttir, sæti hvert um sig 3.000 króna sekt til rikissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektar hvers hinna ákærðu, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, í rikissjóð, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 10. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 776-780/1965: Ákærvaldið gegn Adolf Björnssyni, Gunnlaugi Björnson, Sigurði Guttormssyni, Þorsteini Kjartani Friðrikssyni og Þóru Ásmundsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 15. f. m., gegn

1. Adolf Björnssyni bankafulltrúa, Austurbrún 2, fæddum 18. apríl 1912 í Hafnarfirði;
2. Gunnlaugi Björnson bankafulltrúa, Bogahlíð 26, fæddum 7. marz 1912 í Reykjavík;
3. Sigurði Guttormssyni bankafulltrúa, Kaplaskjólsvégi 49, fæddum 15. ágúst 1906 að Hamragerði í Eiðahreppi;
4. Þorsteini Kjartani Friðrikssyni deildarstjóra, Álheimum 62, fæddum 3. febrúar 1930 í Reykjavík;
5. Þóru Ásmundsdóttur bankafulltrúa, Laufásvegi 75, fæddri 27. júní 1918 í Stykkishólmi,

„fyrir þátttöku í verkfalli starfsfólks Útvegsbanka Íslands hinn 2. nóvember 1964, en gagnvart stjórn bankans komu ákærðu fram fyrir starfsfólksins hönd í verkfallinu.

Telst þátttaka hinna ákærðu í verkfallinu varða við 1. gr. laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna, og er þess krafizt, að ákærðu verði dæmd til refsingar og sakarkostnaðargreiðslu.“

Málavextir eru þessir:

Hin ákærðu eru öll fastráðnir starfsmenn Útvegsbanka Íslands hér í Reykjavík. Þau skipa aðalstjórn Starfsmannafélags Útvegsbankans, og er Adolf formaður, Sigurður varaformaður, Gunnlaugur gjaldkeri, Þorsteinn Kjartan ritari og Þóra meðstjórnandi.

Mánudaginn 2. nóvember 1964 kom ekkert af starfsfólki aðalbanka Útvegsbanka Íslands né útibúa hans hér í borg til vinnu sinnar, nema bankastjórar, aðstoðarbanksstjóri, forstjóri Fiskveiðasjóðs og húsverðir. Voru hin ákærðu þannig öll meðal þeirra, sem ekki komu til vinnu. Í útibúum bankans utan Reykjavíkur komu þenna dag aðeins útibússtjórar til vinnu, og fór afgreiðsla þar ekki fram, nema að einhverju leyti á Akureyri.

Forsaga atburðar þessa var sem hér segir:

Í maímánuði 1964 var staða útibússtjóra Útvegsbanka Íslands á Akureyri auglýst laus til umsóknar. Hinn 11. október ritaði stjórn Starfsmannafélags Útvegsbankans bréf til bankaráðsins. Í bréfi þessu er greint frá því, að sex menn hafi sótt um áður nefnt starf, þar af fimm starfandi bankamenn, en auk þess Bragi Sigurjónsson ritstjóri, sem ekki hafi starfað að banka-störfum. Þá eru í bréfinu rakin ýmis atriði, er varða samkomulag samtaka bankamanna annars vegar og bankastjórna rikisbankanna hins vegar, varðandi stöðuveitingar í bönkunum. Í lok bréfsins segir á þessa leið:

„Vér höfum leyft oss að rifja upp þau atriði í samskiptum vorum við fulltrúaráð og bankaráð Útvegsbankans, er að fram- an greinir, í sambandi við væntanlega ráðstöfun á útbússtjóra- starfi bankans á Akureyri.

Í því sambandi leyfum vér oss að benda á, að eðlilegt verð- ur að telja, að bankaráð meti áratuga störf, sem að allra dómi hafa verið leyst óaðfinnanlega af hendi.

Væri að því horfið að ráða utanbankamann í stöðuna, mynd- um vér telja samtökum vorum misboðið og oss eigi annað fært en að kveðja saman félagsfund og ræða það viðhorf, er myndi við það skapast.“

Ákærðu hafa öll undirritað bréf þetta í nafni stjórnar Starfs- mannafélags Útvegsbankans.

Hinn 28. október 1964 var Bragi Sigurjónsson ráðinn til þess að vera útbússtjóri Útvegsbanka Íslands á Akureyri.

Föstudaginn 30. október var haldinn félagsfundur Starfsmanna- félags Útvegsbankans, og var fundarefnið ráðning útibússtjórans á Akureyri. Formaður félagsins, ákærði Adolf Björnsson, reifaði málið og flutti síðan fram tillögu að bréfi til bankaráðsins, og var hún samþykkt. Í bréfi þessu er ráðningu Braga Sigurjóns- sonar mótmælt eindregið og enn fremur segir þar, að starfs- fólkið hafi samþykkt sem einn maður að mótmæla á sinn hátt. Þá er þess krafizt, að bankaráðið taki bréfið til umræðu á fyrri fundi sínum í nóvember og að ráðning Braga Sigurjóns- sonar verði ekki framlengd.

Á áðurnefndum félagsfundi var enn fremur samþykkt tillaga þess efnis, að lýst var samþykki við aðgerðum félagsstjórnar í sambandi við ráðningu útibússtjóra á Akureyri og skorað á bankaráð að standa „við fyrri yfirlýsingar um, að slíkar stöð- ur verði veittar hæfum bankamönnum“.

Ákærðu segja, að á fundi þessum hafi ekki verið nefnt einu orði að vinna skyldi lögð niður í mótmælaskyni, enda ber fundargerðin það ekki með sér.

Ákærðu skýra svo frá, að laugardagsmorguninn 31. október hafi komið fram í bankanum áskriftarlistar, þar sem áskrif- endur lýstu yfir því, að þeir mundu ekki mæta til vinnu mánu- daginn 2. nóvember. Hafi starfsmenn almennt, eða a. m. k. flest- ir, skráð nöfn sín á lista þessa.

Ákærðu segja, að stjórn Starfsmannafélagsins hafi ekki átt frumkvæði að því, að vinna yrði lögð niður, og sé þeim ókunn- ugt um það, hver eða hverjir hafi komið áðurnefndum listum af

stað. Stjórnin hafi hvorki hvatt menn til að leggja niður vinnu, né heldur mundi hún hafa hindrað nokkurn mann í því að mæta.

Laust eftir hádegi laugardaginn 31. október átti stjórn Starfsmannafélagsins, þ. e. hin ákærðu, að undanskildum þó ákærða Gunnlaugi, sem ekki var við vinnu þenna dag, fund með bankastjórunum, og var bankastjórum þar frá því skýrt, að enginn starfsmaður mundi koma til vinnu á mánudag í mótmælaskyni við ráðningu útibússtjórans á Akureyri. Síðdegis hitti stjórnin einnig formann og varaformann bankaráðsins og afhenti þar bréf það, er ritað hafði verið degi fyrr og áður var vikið að. Sunnudaginn 1. nóvember komu hin ákærðu öll til fundar við bankastjórana, sem mótmæltu fyrirhuguðum aðgerðum starfsfólksins og gáfu skýlaus fyrirmæli um, að það skyldi koma til vinnu. Samkvæmt skýrslu bankastjórnarinnar svöruðu ákærðu því, að fólkið væri ráðið í að mæta ekki, en unnið yrði að því, að starfsfólk kæmi til vinnu, ef því yrði til leiðar komið, að Bragi Sigurjónsson kæmi ekki til vinnu, en bankastjórnin benti á, að slíkt væri utan við valdsvið bankastjórnar.

Af hálfu ákærvalds er því haldið fram, að með því að koma ekki til vinnu hafi hin ákærðu, sem séu opinberir starfsmenn, gert verkfall og unnið þannig til refsingar samkvæmt 1. gr. laga nr. 33/1915.

Af hálfu ákærðu er því haldið fram, að ekki hafi verið um verkfall að ræða eftir skýrgreiningu dómstóla á því hugtaki, og í annan stað taki lög nr. 33/1915 ekki til starfsmanna Útvegsbanka Íslands.

Niðurstöður dómsins verða sem hér greinir:

Útvegsbanki Íslands hefur síðan 1957 verið ríkisbanki, sbr. ákvæði laga nr. 34/1957 og laga nr. 12/1961. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 12/1961 er bankinn sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, og samkvæmt 8. gr. er yfirstjórn bankans í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs. Bankinn er þannig ríkisstofnun, sem lýtur alveg sams konar yfirstjórn og Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands, sbr. lög nr. 10/1961, 24. gr., og lög nr. 11/1961, 8. gr. Starfsmenn Útvegsbankans eru þannig ótvírætt opinberir starfsmenn samkvæmt almennri skýrgreiningu þess hugtaks, enda þótt ýmsar sérreglur gildi um bankastarfsmenn, svo sem um launakjör, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1962.

Lög nr. 33/1915 kallast að vísu „lög um verkfall opinberra starfsmanna“, en eigi er þó þar með sagt, að þau taki til allra

þeirra, sem það hugtak er nú talið taka yfir, enda er í 1. gr. laganna ekki notað orðalagið „opinberir starfsmenn“, heldur segir þar um það, til hverra lögin taki: „Hver, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu og kaupstaðar, skal sæta sektum . . .“ o. s. frv. Landsbankinn var, er lögin voru sett, rekinn samkvæmt lögum nr. 14/1885 og var samkvæmt þeim lögum sjálfstæð stofnun, er landssjóður lagði fé til. Hann var á þeim tíma eini ríkisbankinn. Hann er tekinn sérstaklega fram í 1. gr. laga nr. 33/1915, þannig að ekki verður talið, að orðalagið „samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þágu landsins“ taki til banka- starfsmanna. Greinin á því ekki samkvæmt orðanna hljóðan við starfsmenn Útvegsbanka Íslands. Ekki verður orðið „Landsbankans“, sem er sérheiti, skýrt svo með rýmkandi skýringu, að það taki til starfsmanna þessara. Er þá eftir að leysa úr því, hvort lögjöfnun frá þessu ákvæði greinarinnar eigi við, sbr. ákærana hér að framan.

Löggjör starfsmanna Landsbanka Íslands og starfsmanna Útvegsbankans eru nú að visu mjög hliðstæð. Má því segja, að það skilyrði lögjöfnunar sé fyrir hendi, að sömu efnisástæður eigi við um báða þessa starfsmannahópa. Á hinn bóginn er að líta á þá meginreglu á sviði refsiréttar, að gjalda skuli varhuga við lögjöfnun sökunaut í óhag, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1940. Einnig er þess að gæta, að sú er hin almenna regla, að beiting verkfalls er heimil. Lög nr. 33/1915 mæla fyrir um sérreglur, frávik frá þessari meginreglu. Við skýringu á slíkum sérreglum er sérstök ástæða til að varast rýmkandi skýringu og lögjöfnun. Þykir eðlilegast að telja, að 1. gr. laga nr. 33/1915 geymi tæmandi talningu þeirra, sem lögin eigi við, og hafna því að skýra ákvæðin rúmt eða lögjafna þeim.

Samkvæmt þessu taka ákvæði laga nr. 33/1915 ekki til hinna ákærðu, og verða þau sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt 140. gr. laga nr. 82/1961 ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmans, er ákveðast kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Adolf Björnsson, Gunnlaugur Björnson, Sigurður Guttormsson, Þorsteinn Kjartan Friðriksson og Þóra Ás-

mundsdóttir, skulu vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hinna ákærðu, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Föstudaginn 7. maí 1965.

Nr. 129/1964. **Guttormur Sigurbjörnsson**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jónas Thoroddsen hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Leqi Einarsson og prófessor Magnús P. Toríason.

Krafa ríkisstarfsmanns, er staða hans samkvæmt tíma- bundnu skipunarbréfi hafði verið lögð niður, um frekari bætur en sex mánaða laun eigi tekin til greina, sbr. 4. og 14. gr. laga nr. 38/1954.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 156.717.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ákvæði 1. málsg. 14. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 6. og 7. tölulið 4. gr. sömu laga, taka, svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, m. a. til þess, er lögð er niður staða, sem opinber starfsmaður hefur verið skipaður til að gegna um til-